

Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020


**Efni: Umsögn um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020 sbr. lög nr. 110/2020.
Þingskjal 399 – 337. mál.**

Vísað er til frumvarps til fjárukalaga fyrir árið 2020, sbr. þingskjal 399 – 337. mál. Í kafla 18, um menningu, listir og æskulýðsmál er gert ráð fyrir því undir lið 18.2 um menningarstofnanir að fjárheimildir málaflokksins verði auknar um 270 m.kr. og greiðsluheimild um 297 m.kr. því til viðbótar. Tilgreint er hvernig fjárheimildirnar skiptast á milli Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúss í Reykjavík, Minjastofnunar Íslands, Íslenska dansflokksins, Kvikmyndasjóðs og Þjóðleikhússins sem einnig fær auka greiðsluheimild.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, ein stærsta menningarstofnun landsins, er ekki tiltekin í upptalningunni. Stofnunin hefur orðið fyrir miklu sértekjufalli frá því að samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs COVID-19 tóku gildi þann 16. mars s.l. Áætlað er að tekjufallið nemi allt að 250 m.kr. Þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir sér stofnunin fram á að halli af rekstri hennar verði um 80 m.kr. á árinu 2020.

Stofnunin óskar eftir því að komið verði til móts við sértekjutapið með auknum fjárheimildum fyrir árið 2020 með sama hætti og gert er ráð fyrir að komið sé til móts við aðrar, sambærilegar stofnanir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Sinfóníuhljómsveitar Íslands,



Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri